



# FRAMKVÆMDALEYFI

**Leyfishafi:** Vegagerðin

**Kennitala:** 680269-2899

**Dagsetning samþykktar leyfis:** 14. júní 2022

**Framkvæmdalýsing:** Framkvæmdin felst í lagningu u.þ.b. 1200 m hliðarvegar á milli núverandi vegar að Waldorfskólanum og vegar um Lækjarbotnaland. Vegurinn verði af gerðinni C7, vegur með einni akbraut og tveimur akreinum og öxlum. Breidd 12 m. ÁDU ≤7.000 (flatlendi).

Veginum er ætlað að tengja Waldorfskólann og aðra starfsemi í Lækjarbotnum við fyrirhuguð Geirlandsvegamót eftir að núverandi tengingum við Suðurlandsveginn verður breytt og vinstri beygjur gerðar óheimilar í kjölfar breikkunar og aðskilnaðar akstursstefna.

Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar.

**Takmarkanir:** Í nágrenni vegstæðisins má finna náttúruvættið Tröllabörn og hverfisverndaða svæðið Túnhól. Vakin er sérstök athygli á staðsetningu tveggja gerða nálægt tröllabörnum sbr. umsógn Minjastofnunar Íslands dags. 8. október 2021. Framkvæmdaraðilum skal sérstaklega kynnt staðsetning þeirra og það tryggt að þau raskist ekki af vangá.

Einnig er vakin athygli á Túngarðinum sem umlykur minjarnar á Túnhól. Gæta skal þess að raski verði haldið í lágmarki og að það verði ekki meira en brýna nauðsyn ber til. Þann hluta garðsins sem ekki verður raskað, sbr. framkvæmdalýsingu, skal girða af á meðan á framkvæmdum stendur. Sjá nánar í umsögn Minjastofnunar Íslands.

Umrætt framkvæmdasvæði er að mestu innan marka vatnsverndar. Því er mikilvægt að framkvæmdin öll sé unnin í góðu samstarfi við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Skal framkvæmdaaðili funda með fulltrúum þeirra áður en framkvæmdir hefjast til að yfirfara verklag við mengunarvarnir m.a. vegna hugsanlegra mengunaráhappa.

**Eftirlitsaðili framkvæmdar:** Stefán Loftur Stefánsson, deildarstjóri framkvæmdadeildar á umhverfissviði Kópavogs. Tilkynna skal leyfisveitanda skriflega um breytingar á framkvæmdinni miðað við þau hönnunargögn sem tilgreind eru hér að neðan.

Framkvæmd skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi framkvæmdalýsingu og hönnunargögn sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Ef merki finnast um fornleifar við framkvæmdina, sem áður voru óþekktar, skal eftirlitsaðili framkvæmda stöðva framkvæmdir og greina Minjastofnun Íslands frá fundinum. Ekki má hefja framkvæmdir að nýju fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort verkið megi halda áfram og þá með hvaða skilyrðum.

Framkvæmdaleyfi þetta var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs 30. maí 2022 og í bæjarstjórn Kópavogs 14. júní 2022.

Áætlað er að framkvæmdum ljúki í 15. ágúst 2022. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan tólf mánaða frá útgáfu framkvæmdaleyfisins sbr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Kópavogi 24. júní 2022

f.h. Umhverfissviðs Kópavogsbæjar

  
Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi

**Framkvæmdaleyfi þetta er grundvallað á eftirtöldum gögnum:**

| Gögn   | Ábyrgð   | Dagsetning                          |
|--|--|-------------------------------------|
| Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir hliðarvegi í Lækjarbotnum.       | Vegagerðin   | Nóvember 2021                       |
| Ákvörðun um Matsskyldu. Hliðarvegur í Lækjarbotnum.                              | Skipulagsstofnun   | 18. nóvember 2021                   |
| Samþykki forsætisráðuneytis um framkvæmdir innan þjóðlendu.                      | Forsætisráðuneytið   | 6. júlí 2021                        |
| Umsögn Minjastofnunar Íslands  | Minjastofnun Íslands   | 8. október 2021                     |
| Umsögn Kópavogsbæjar   | Kópavogsbær  | 27. október 2021                    |
| Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands   | Náttúrufræðistofnun Íslands  | 25. október 2021                    |
| Umsögn skipulagsdeildar um innkomnar athugasemdir og ábendingar á kynningartíma. | Kópavogsbær  | 1. apríl 2022, uppfærð 13. maí 2022 |
| Hringvegur, Fossvellir – Lögbergsbrekka. Áhættumat vatnsverndar.                 | Vegagerðin, Hnit verkfræðistofa, Kanon arkitektar, Raftákn verkfræðistofa. | Maí 2021.                           |
| Merkingar vinnusvæða   | Vegagerðin   | Ódagsett                            |
| Heildarþungi og áspungi  | Vegagerðin   | Ódagsett                            |
| Leiðbeiningar um framsetningu útsetninga- og mæligagna.                          | Vegagerðin   | 10. desember 2015                   |
| Reglur um notkun námubifreiða  | Vegagerðin   | Ódagsett                            |
| Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.                                   | Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.                                 | 2015                                |
| Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2012-2024   | Kópavogsbær  | 24. febrúar 2014.                   |
| Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2109-2040.  | Kópavogsbær  | 28. desember 2021                   |